

Nd.

## 76. Frumvarp til laga

[70. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson,  
Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson.

### 1. gr.

41. tl. 3. gr. laganna hljóði svo:

Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðarstjóra, sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðakstri að aðalstarfi. Sé um öryrkja að ræða, sem rétt ættu til ívilnunar samkv. 27. tl. 3. gr., skal lækka toll um 20% til viðbótar. Ennfremur er heimilt að lækka toll úr 90% í stað 65% af bifreiðum til bifreiðarstjóra, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Breytingin, sem hér er gerð tillaga um, er sú, að í töluliðinn bætist: „Sé um öryrkja að ræða, sem rétt ættu til ívilnunar samkv. 27. tl. 3. gr., skal lækka toll um 20% til viðbótar.“

27. tl. 3. gr. laganna tekur til öryrkja, sem rétt eiga á lækkun tolla á bifreiðum vegna bæklunar eða sjúkdóma. Í 4. málsgrein segir svo: „Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41. tl., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkvæmt þessum tölulið.“

Í raun er því aðstaða öryrkja til kaupa á bifreið í atvinnuskyni mjög svipuð og annarra sem á slík kaup hyggja. Nærri lætur að lækkun á tollum af meðalbifreið fyrir öryrkja sé nú 40%, þar sem lækkun gjalda má nema allt að 750 000 kr. og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 500 000 kr. Lækkun tolla af bifreiðum til atvinnurekstrar er 40%, eins og að ofan greinir.

Segja má því, að lækkun vegna örorku falli niður þegar um er að ræða kaup á bifreið í atvinnuskyni, þar sem sú ívilnun nýtist ekki vegna ákvæðis 4. málsgreinar 27. tl. 3. gr. laganna. Varla fer þó á milli mála, að sá, sem orðið hefur fyrir fötlun eða sjúkdómum, á allajafna við þrengri fjárhag að búa og akstur ef til vill eina starfið, sem hann getur stundað. Sýnist því sanngjarnt að hann njóti frekari ívilnunar en hinn, sem heill er heilsu, enda allra hagur, að starfsgeta hans nýtist eins og kostur er.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ívilnun hinum fötluðu til handa verði rýmkuð nokkuð, eða um 20%, þegar um kaup á bifreið til atvinnurekstrar er að ræða. Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra hefur vakið athygli á þessu máli og lýst eindregnum óskum um að úr verði bætt.